



Uppgjör Landsbankans

Janúar - júní 2012



Viðunandi uppgjör fyrstu sex mánuði ársins: Fjárhagsstaða Landsbankans styrkist jafnt og þétt


Afkoma Landsbankans var jákvæð um 11,9 milljarða króna eftir skatta á fyrri hluta árs 2012. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var þó mun minni en á þeim fyrsta og skýrist það fyrst og fremst af gjaldfærslu í rekstri bankans vegna endurmats á eignum Spkef. Hagnaður bankans á fyrri hluta árs hefur lækkað um helming frá sama tíma á síðasta ári en þá var hagnaðurinn 24,4 milljarðar króna. Þessi munur skýrist fyrst og fremst af lægri tekjum af óreglulegum liðum, t.d. hagnaði af hlutabréfum og aflagðri starfsemi.

Arðsemi eigin fjár á fyrri hluta árs 2012 var 11,5% en mældist tæplega 25% á sama tíma fyrir ári. Eiginfjárlutfall (CAD) Landsbankans er nú 23,3% en var 22,4% fyrir ári. Eiginfjárlutfall Landsbankans er því langt umfram það 16% lágmark sem Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um. Fjárhagsstaða Landsbankans er traust en arðsemi af rekstri endurspeglar lítinn vöxt í íslensku efnahagslífi.

Meginbreytingar á efnahag Landsbankans eru tvennskonar, annars vegar er það sala á 75% hlut í dótturfélaginu Reginn hf. sem skilaði Landsbankanum um 1.650 milljóna króna í hagnað um leið og hún létti á efnahag bankans og lækkar verðmæti eigna til sölu á efnahagsreikningi úr 53 milljörðum króna í árslok 2011 í 26 milljarða króna. Þá lækka skuldir tengdar eignum til sölu um 8,4 milljarða króna.

Hinsvegar veldur mikilli breytingu á efnahag það samkomulag sem Landsbankinn hf. og Landsbanki Íslands hf. (LBI) náðu, um að Landsbankinn fyrirframgreiði fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI. Fyrirframgreiðslan var að jafnvirði rúmlega 73 milljarða króna í evrum, dollurum og pundum. Samfara lækkar fjármagnskostnaður bankans og vegur sú lækkun mun þyngra en sú ávöxtun sem laust fé í erlendri mynt skilar bankanum. Um leið minnkar efnahagsreikningur bankans og arðsemi rekstrarins eykst. Þetta er því mikilvæg ráðstöfun. Lausafjárstaða bankans bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt er áfram mjög sterk og gefur eigendum færi á að greiða sér arð á næstu árum.

Eiginfjárlutfall




Kennitölur	H1 2012	H1 2011
Hagnaður eftir skatta	11.877	24.434
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,5%	24,9%
CAD hlutfall	23,3%	22,4%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,3%	3,1%
Kostnaðarhlutfall	55,5%	53,3%
Heildareignir	1.048.573	1.126.280
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	151,4%	153,6%
Stöðugildi	1.269	1.258

Kostnaðarhlutfall = (Laun + önnur rekstrargjöld + afskriftir) / (Hreinar vaxtatekjur + hreinar þjónustutekjur)

Steinþór Pálsson, bankastjóri segir:

„Uppbyggingu Landsbankans miðar áfram vel. Við höfum náð mikilsverðum árangri á fyrri hluta ársins m.a. með skráningu Regins á markað, samkomulagi við LBI hf. um fyrirframgreiðslu hluta skuldabréfs sem gefið var út 2010 og hagræðingaraðgerðum sem styrkja bankann til lengri tíma litið. Enn eru þó blikur á lofti, beðið er niðurstöðu dómstóla um gengis tryggð lán og staða heimila og fyrirtækja er því enn óvissu háð þrátt fyrir að skuldir hafi verið færðar niður um hundruð milljarða króna. Þetta endurspeglast í hagkerfi sem segja má að bíði enn átekta fremur en að taka djarfar ákvarðanir sem stuðla að uppbyggingu. Rekstur Landsbankans markast af þessari stöðu, en bankinn er mjög vel undir það búinn að styðja einstaklinga og fyrirtæki til fjárfestinga þegar fram í sækir.“

Arðsemi eigin fjár eftir skatta




Endurskipulagning skulda viðskiptavina

Endurskipulagning skulda einstaklinga og fyrirtækja hefur verið meginverkefni Landsbankans undanfarin ár.

- » Í lok júní hafði Landsbankinn lokið endurskipulagningu skulda rúmlega 1.000 fyrirtækja. Flest öll þeirra fyrirtækja sem áttu í erfiðleikum og bankinn mat sem lífvænleg þegar hafist var handa við það umfangsmikla verkefni að endurskipuleggja skuldir íslenskra fyrirtækja í kjölfar hrunsins í október 2008, hafa nú fengið lausn sinna mála.
- » Á síðustu 24 mánuðum hefur Landsbankinn selt lífvænleg fyrirtæki í óskyldum rekstri sem hann hefur fengið yfirráð yfir í kjölfar rekstrarerfiðleika þeirra og lækkað verðmæti eigna sem Landsbankinn hefur haft til sölu um nálega 100 milljarða króna.
- » Öll gengistryggð lán í Landsbankanum hafa verið endurútreiknuð en vegna dóms Hæstaréttar 600/2011 ríkir enn óvissa um útreikning á eftirstöðvum sumra þeirra lána. Fyrir dómstólum liggja 11 prófmál sem ætlað er að skera úr um öll helstu álitafni sem enn þarfnast umfjöllunar. Hugsanlegt er að endurútreikna þurfi einhver lán til samræmis við niðurstöður þessara dómsmála.
- » Vanskil hafa minnkað verulega á bókum bankans. Eftir annan ársfjórðung 2011 námu þau rúmum 24% en hafa nú lækkað í 11,7%. Þetta segir mikla sögu um virkni þeirra úrræða sem í boði hafa verið. Vanskil í íslenskum bönkum eru þó enn allt of mikil.


Vanskil



Uppgjör við Landsbanka Íslands hf. (LBI hf.)

- » Breytilega skuldabréfið sem Landsbankinn hf. mun gefa út til LBI hf. og ræður því hversu mikið LBI hf. fær í sinn hlut af eignum Landsbankans, stendur nú í 69 milljörðum króna. Verði andvirði þess 92 milljarðar í árslok afsalar LBI hf. sér 18,7% eignarhlut sínum í Landsbankanum að fullu.
- » Landsbankinn hf. og Landsbanki Íslands hf. (LBI) sem nú er í slita-meðferð náðu samkomulagi um að Landsbankinn fyrirframgreiði fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI. Fyrirframgreiðslan var að jafnvirði rúmlega 73 milljarða króna í evrum, dollurum og pundum. Samfara lækkar fjármagnskostnaður bankans og vegur sú lækkun mun þyngra en sú ávöxtun sem laust fé í erlendri mynt skilar bankanum. Samkomulagið er mikilvægur áfangi í uppbyggingu Landsbankans, þar sem fyrrnefnd fyrirframgreiðsla lækkar skuldir bankans umtalsvert og auðveldar endurfjármögnun. Fyrirframgreiðslan gengur að fullu inn á fyrstu 5 af 20 ársfjórðungslegum afborgunargjaldkögum skuldabréfanna, sem áttu að hefjast í janúar 2014. Næsta afborgun höfuðstóls verður því í apríl 2015 í stað janúar 2014, en lokagjaldsdagi er í október 2018.

Skilyrt skuldabréf



Rekstrarreikningur:

Rekstur Landsbankans er að mestu á áætlun það sem af er ári en þó lækka heildartekjur bankans um nálega 25% milli ára, voru 31,6 milljarðar króna á fyrri helmingi síðasta árs en eru nú 23,6 milljarðar. Þarna ræður mestu gjaldfærsla vegna Spkef og minni gengishagnaður af hlutabréfum. Vaxta-tekjur Landsbankans hafa aukist um 1,7 milljarða króna frá því á sama tíma á síðasta ári, þar af eru 900 milljónir vegna yfirtöku á eignum Spkef. Þjónustutekjur standa nánast í stað.

Virðisbreyting lánasafns

Á fyrri hluta árs 2012 færði bankinn til gjalda um 3,5 milljarða króna vegna neikvæðrar þróunar á virði lánasafnsins. Þessi liður byggist á útlánatöpum og mati bankans á endurheimtum útlána. Miklu skiptir gjaldfærsla vegna mismunar á mati bankans á útlánum í SpKef og mati úrskurðarnefndar sem skipuð var til að leysa úr ágreiningi milli Landsbankans og ríkisins. Landsbankinn beitti við þetta mat sömu aðferðafræði og hann beitir við mat á útlánum alla jafna en aðferðafræði úrskurðarnefndarinnar var önnur. Mat bankans er því varfærnara en mat nefndarinnar.

Frá því gengið var frá kaupum Landsbankans á eignum LBI hf. hefur Landsbankinn gjaldfært 19,4 milljarða króna vegna verðryrnunar lánasafnsins. Þar af hefur bankinn gjaldfært um 16,4 milljarða vegna lánasafns einstaklinga og um 3 milljarða króna vegna lánasafns fyrirtækja. Í opinberri umræðu er því oft haldið fram að stór hluti hagnaðar bankanna tengist virðisaukningu á útlánasöfnum sem keypt voru af gömlu bönkunum. Í tilvikum Landsbankans er því ekki til að dreifa.

Mikil óvissa var um virði útlána þegar samningum milli Landsbankans og LBI hf. lauk undir árslok árið 2009 og töluverður ágreiningur um verðmæti lána. Úr varð að samið var um Landsbankinn gæfi út skilyrt skuldabréf sem myndi endurspegla hugsanlega hækkun á verðmæti tiltekinna eigna fram til loka árs 2012, en þó yrði það að hámarki 92 milljarðar króna. Mat bankans er að frá því samningar voru gerðir hafi verðmæti eignanna hækkað um 69 milljarða króna og stendur því skilyrta bréfið í þeirri fjárhæð um mitt ár 2012. Óháðir aðilar fara yfir mat á eignunum og úrskurða um þau mál ef Landsbankinn og LBI ná ekki saman. Í reikningum bankans hækkar því verðmæti eigna en skuld við LBI hf. hækkar að sama skapi og hefur þessi virðisbreyting því ekki áhrif á rekstur bankans.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður Landsbankans er enn of hár, þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðhaldsaðgerða í rekstrinum. Rekstrarkostnaður hefur hækkað um 11% frá fyrri ársþingi ársins 2011. Laun og tengd gjöld hafa hækkað um 26%, eða sem svarar til 1.350 milljóna króna en launahækkunir ráða þó minnstu þar um. Samningsbundnar launahækkunir nema 400 milljónum króna en nýr fjársýsluskattur á laun 350 milljónum króna. Kostnaður vegna samruna við Spkef og starfsloka vegna hagræðingaraðgerða er 480 milljónir króna.

Áætlaður tekju- og bankaskattur hækkar um 22% milli ára, er nú ríflega 2,8 milljarðar króna. Á fyrri þingi ársins hefur Landsbankinn greitt til FME og Umboðsmanns skuldara 390 milljónir króna.

Rekstur	H1 2012	H1 2011	Breyting	%
Hreinar vaxtatekjur	18.573	16.849	1.724	10%
Virðisbreyting	-3.465	2.675	-6.140	-230%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	15.108	19.524	-4.416	-23%
Hreinar þjónustutekjur	2.092	2.217	-125	-6%
Gjaldeyrisingismunur	836	-139	975	-702%
Aðrar rekstrartekjur	5.524	10.016	-4.492	-45%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	23.560	31.618	-8.058	-25%
Rekstrarkostnaður	-12.027	-10.806	-1.221	11%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, að frádregnum skatti	673	1.172	-499	-43%
Hagnaður fyrir skatta	12.206	21.985	-9.779	-44%
Áætlaður tekju- og bankaskattur	-2.813	-2.299	-514	22%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	9.393	19.685	-10.292	-52%
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum skatti	2.484	4.749	-2.265	-48%
Hagnaður tímabilsins	11.877	24.434	-12.557	-51%

Efnahagsreikningur:

Sem fyrr segir eru það salan á 75% hlut í Reginn hf. og fyrirframgreiðsla til LBI hf. af útgefnu skuldabréfi sem valda mestum breytingum á efnahagsreikningi Landsbankans. Heildareignir bankans hafa minnkað frá því á sama tíma á síðasta ári um tæplega 87 milljarða króna. Eigið fé bankans er nú 212 milljarðar króna og hefur hækkað um 12 milljarða frá áramótum.

Lausafjárhlutfall bankans er enn mjög hátt þrátt fyrir fyrrnefnda fyrirframgreiðslu og er nú 39,2% sem jafngildir því að Landsbankinn gæti greitt út samdægurs tæplega 40% af öllum innistæðum. Eiginfjárhlutfallið, CAD, er sömuleiðis mjög hátt og gefur eigendum færi á að greiða sér arð af rekstri bankans á næstunni.


Verðtryggingarójöfnuður Landsbankans jókst síðastliðið ár um 35 milljarða króna. Ástæðu þess má fyrst og fremst rekja til þess að við endurútreikning á ólögmaetum gengistryggðum lánnum kaus nokkur fjöldi viðskiptavina bankans að breyta þeim lánnum í verðtryggð frekar en óverðtryggð lán. Hlutur verðtryggðra og óverðtryggðra lána í útlánnum Landsbankans hefur vaxið frá árinu 2008. Einnig hefur yfirtaka Landsbankans á SpKef og Avant aukið verðtryggðar eignir umfram skuldir. Á þessu ári hefur sama þróun haldið áfram m.a. vegna sölu á Reginn hf. út úr samstæðu Landsbankans.

Efnahagur	30/6/12	31/12/11	Breyting 2012 %	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	16.364	8.823	7.541	85%
Kröfur á lánastofnanir	59.529	100.133	-40.604	-41%
Markaðsskuldabréf	203.863	221.848	-17.985	-8%
Hlutabréf	38.161	46.037	-7.876	-17%
Útlán til viðskiptavina	666.890	639.130	27.760	4%
Aðrar eignir	37.082	65.959	-28.877	-44%
Eignir til sölu	26.684	53.552	-26.868	-50%
Eignir alls	1.048.573	1.135.482	-86.909	-8%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	91.018	112.876	-21.858	-19%
Innlán frá viðskiptavinum	440.392	443.590	-3.198	-1%
Lántaka	209.028	277.076	-68.048	-25%
Skilyrt skuldabréf	69.024	60.826	8.198	13%
Aðrar skuldir	26.130	31.485	-5.355	-17%
Skuldir tengdar eignum til sölu	959	9.385	-8.426	-90%
Eigið fé	212.022	200.244	11.778	6%
Skuldir og eigið fé alls	1.048.573	1.135.482	-86.909	-8%

Útlán eftir atvinnugreinum	30/6/12	31/12/11	Breyting	%
Opinberir aðilar	11.691	12.139	-448	-4%
Einstaklingar	184.596	173.223	11.373	7%
Sjávarútvegur	139.504	135.397	4.107	3%
Byggingariðn / fasteignafélög	116.698	101.958	14.740	14%
Þjónusta	51.381	66.121	-14.740	-22%
Verslun	41.478	42.401	-923	-2%
Eignarhaldsfélög	55.227	48.622	6.605	14%
Framleiðsla	23.405	28.008	-4.603	-16%
Landbúnaður	8.997	8.505	492	6%
Upplýsingatækni og samskipti	19.810	20.168	-358	-2%
Annað	14.103	2.588	11.515	445%
	666.890	639.130	27.760	4%


Útlán

Útlán Landsbankans hafa hækkað á fyrri helmingi þessa árs miðað við árin á undan en þar ræður mestu endurflokkun útlána Regins hf., vegna sölu félagsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig útlán hafa þróast. Þessi mynd lýsir takmarkaðri eftirspurn eftir lánsfé sem nú hefur verið viðvarandi í nokkur ár. Þegar skoðuð eru útlán eftir atvinnugreinum sést að í mörgum þeirra er um að ræða raunlækkun en útlán til einstaklinga hafa hækkað umfram verðlagsþróun það sem af er árinu. Heildarútlán bankans nema nú 667 milljörðum króna.



Innlán:

Innlán hafa heldur dregist saman á árinu 2012 og nema nú 440 milljörðum króna. Þó vekur athygli að innlán einstaklinga hafa hækkað verulega það sem af er ári. Þetta bendir m.a. til þess að fjárhagsstaða almennings fari batnandi enda sýna tölur Landsbankans að vanskil fara minnkandi. Þó er mikill meirihluti nýrra innlána óverðtryggður, þar sem fæstir treysta sér til að binda sparifé sitt í þrjú ár eða lengur. Innlán frá fyrirtækjum hafa nokkuð lækkað.



Breytingar á rekstri

- » Landsbankinn seldi 75% hlut í Reginn hf., dótturfélagi sínu í almennu hlutafjárútbóði sem lauk þriðjudaginn 19. júní 2012. Umframeftirspurn var eftir hlutabréfum. Við skráningu hélt Eignarhaldsfélag Landsbankans eftir 25% hlut í Regin. Viðskipti með bréf félagsins í Kauphöll hófust 2. júlí.
- » Landsbankinn tilkynnti um hagræðingu í rekstri í maí með aðgerðum sem náðu jafnt til höfuðstöðva og útibúa, landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Þær fólu í sér sameiningu og lokun útibúa á Austurlandi, Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Reykjavík og sameiningu deilda í höfuðstöðvum bankans. Áætlaður sparnaður er 400 milljónir króna á ári.
- » Landsbankinn ákvað að efla og breikka starfsemi dótturfélagsins Landsbréfa hf. með því að færa eignasafn Horns hf., sem einnig er dótturfélag bankans, til Landsbréfa. Markmiðið með þessu er að koma á fót einu öflugasta rekstrarfélagi landsins á sviði eigna- og sjóðastýringar og skapa um leið tækifæri til samþættingar á starfsemi þessara fyrirtækja og hagræða í rekstri þeirra.
- » Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla og Landsbankinn hf. náðu í janúar samkomulagi um að Landsbankinn keypti allar eignir og rekstur Sparisjóðsins og haldi áfram fjármálastarfsemi í Dalvíkurbyggð. Samningurinn bíður umsagnar eftirlitsstofnana.